

REGLUGERÐ

um aðskilda sölu á reikiþjónustu í smásölu innan Evrópska efnahagssvæðisins.

1. gr.

Innleiðing.

Með reglugerð þessari öðlast gildi eftirfarandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XI. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

- a. Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1203/2012 frá 14. desember 2012 um aðskilda sölu á reikiþjónustu í smásölu sem reglur eru settar um innan Sambandsins, sem birtist sem fylgiskjal I við reglugerð þessa, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/2015 frá 20. mars 2015.

2. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 35. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til og með 30. júní 2022.

Innanríkisráðuneytinu, 14. apríl 2015.

F. h. r.

Sigurbergur Björnsson.

Vera Sveinbjörnsdóttir.

Fylgiskjal I.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1203/2012****frá 14. desember 2012****um aðskilda sölu á reikþjónustu í smásölu sem reglur eru settar um innan Sambandsins**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 531/2012 frá 13. júní 2012 um reiki á almennum farsímanetum innan Sambandsins (endurútgefin)⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 5. gr.,

að höfðu samráði við evrópskan hóp eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta (BEREC),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) nr. 531/2012 er innleitt hugtakið aðskilin sala reikþjónustu í smásölu sem reglur eru settar um. Í fyrsta lagi er í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 531/2012 lögð sú skylda á landsbundna söluaðila að þeir geri viðskiptavinum sínum kleift að fá aðgang að reikitalsímaþjónustu, reikismáskilaboðaþjónustu og reikigagnaþjónustu sem reglur eru settar um, í pakka frá öðrum veitanda reikþjónustu. Ennfremur innihalda ákvæðin um aðskilda sölu á reikþjónustu í smásölu sem reglur eru settar um eins og þau eru sett fram í 1. mgr. 4. gr. kröfu um að veitendur landsbundinnar þjónustu og reikþjónustu hindri ekki aðgang viðskiptavina reikþjónustu að reikigagnaþjónustu, sem reglur eru settar um, og veitt er beint á heimsóttu neti af öðrum veitanda reikþjónustu.
- 2) Til að tryggja samræmda og samtíma framkvæmd um allt Sambandið á aðskilinni sölu á reikmáskilaboðaþjónustu sem reglur eru settar um er þess krafist með reglugerð (EB) nr. 531/2012 að framkvæmdastjórnin samþykki, með framkvæmdargerðum, ítarlegar reglur um upplýsingaskyldu um möguleika viðskiptavina reikþjónustu á því að velja annan veitanda reikþjónustu og um tæknilega lausn varðandi framkvæmd aðskilinnar sölu reikþjónustu í smásölu sem reglur eru settar um.
- 3) Í samræmi við 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 531/2012 getur tæknilega lausnin fyrir framkvæmd aðskilinnar sölu á reikþjónustu í smásölu, sem reglur eru settar um, sameinað eina eða fleiri tæknilega útfærslu í þeim tilgangi að uppfylla allar viðmiðanir sem settar eru fram í 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 531/2012. Því þarf margs konar tæknileg útfærsla að koma til framkvæmdar, ef ein tæknileg útfærsla nægir ekki til að uppfylla allar viðmiðanir. Með þessari reglugerð skal mæla fyrir um ítarlegar reglur um þessa tæknilegu lausn sem nær yfir kröfur um að veitendur landsbundinnar þjónustu dreifi netstökum og veiti tengda þjónustu fyrir hverja tæknilega útfærslu, til að tryggja aðgang að þeirri aðstöðu sem nauðsynleg er til að aðrir veitendur reikþjónustu geti boðið aðskilda reikþjónustu og til að kveða á um skiptiferlið milli gjafareikiveitenda og viðtökureikiveitenda.
- 4) Á sama tíma skal tæknilega lausnin gera kleift að framkvæma skuldbindingarnar sem um getur í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 531/2012. Því skal tæknilega lausnin tryggja bæði aðgang viðskiptavina að reikitalsíma-, reikismáskilaboða- og reikigagnaþjónustu sem reglur eru settar um, sem veitt er í pakka af öðrum veitanda reikþjónustu og að veitendur landsbundinnar þjónustu og veitendur reikþjónustu hlíti skuldbindingu um að hindra ekki viðskiptavini í því að fá beinan aðgang að reikigagnaþjónustu, sem reglur eru settar um og veitt er af öðrum veitanda reikþjónustu, á heimsóttu neti.
- 5) Eins og sakir standa veitir veitandi landsbundinnar þjónustu alla reikþjónustu í smásölu ásamt landsbundinni farsímaþjónustu. Reglugerð (EB) nr. 531/2012 gerir viðskiptavinum reikþjónustu kleift að velja annan veitanda reikþjónustu sem reglur eru settar um og veitt er í pakka og að afla sér þessarar reikþjónustu

(1) Stjóð. ESB L 172, 30.6.2012, bls. 10.

aðskilið frá landsbundinni farþjónustu. Í þessu tilliti gerir viðskiptavinur reikijónustunnar samning um þjónustuveitinguna við annan veitanda reikijónustu.

- 6) Til framkvæmdar aðskilinnar sölu á reikijónustu í pakka er margs konar tæknileg útfærsla, þ.m.t. tvöfalt auðkenni alþjóðlegs farsímanotanda (tvöfalt IMSI) (tvö aðskilin auðkenni alþjóðlegs farsímanotanda á einu SIM-korti), stakt auðkenni alþjóðlegs farsímanotanda (eitt auðkenni alþjóðlegs farsímanotanda samnýtt af veitendum landsbundinnar þjónustu og reikijónustu). Tæknileg útfærsla tvöfalds auðkennis alþjóðlegs farsímanotanda byggist á því að á SIM-korti viðskiptavinar reikijónustunnar er önnur kenniskrá sem annar veitandi reikijónustu getur notað við sölu á reikijónustu sem reglur eru settar um, á meðan fyrri kenniskráin er enn notuð af landsbundna þjónustuveitandanum við sölu á landsbundinni þjónustu og hugsanlega á reikijónustu sem reglur eru ekki settar um. Samkvæmt tæknilegri útfærslu staks auðkennis alþjóðlegs farsímanotanda er aðskilin reikijónusta tæknilega enn veitt af veitanda landsbundnu þjónustunnar, sem er rekstraraðili hýsifarsímanets fyrir annan veitanda reikijónustu. Aðskilda reikijónustan er veitt öðrum veitanda reikijónustu í heildsölu, og hann endurselur reikiviðskiptavini hana í smásölu. Einfaldasti kosturinn er hrein endursala. Ennfremur eru ýmsar leiðir til að bæta tæknilega úrfærslu hreinnar endursölu sem gera öðrum veitanda reikijónustu kleift að stýra hvaða heimsóttu net skuli helst nota og að fá afslátt af heildsölupjónustu á reiki sem keypt er af rekstraraðila hýsifarsímanets (MNO) á grundvelli heildsölu-samninga við rekstraraðila heimsótttra neta eða heildsölusöfn.
- 7) Í samræmi við 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 531/2012, skal veita aðgang án endurgjalds að netstökum og þjónustu sem nauðsynleg eru til aðskilinnar sölu á smásölureikijónustu sem reglur eru settar um. Verðlagning viðbótarþjónustu sem er umfram það sem nauðsynlegt er vegna aðskilinnar sölu á smásölureikijónustu sem reglur eru settar um fellur því ekki undir 1. mgr. 5. gr. Aðgangur að aðstöðu og stoðþjónustu við aðskilda sölu á smásölureikijónustu sem reglur eru settar um felur í sér aðstöðu og þjónustu sem þarf til þess að viðskiptavinur geti skipt um þjónustuveitanda.
- 8) Evrópskur hópur eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta hefur framkvæmt sérfræðimat á lausnum fyrir innleiðingu á aðskilinni reikijónustu⁽²⁾. BEREC-hópurinn telur að innleiðing á tvöföldu auðkenni alþjóðlegs farsímanotanda kalli á töluvert þróunar- og stöðlunarstarf og áætlað kostnaður við framkvæmdina hefði í för með sér verulegan óbeinan kostnað ofan á smásöluverð. Þar sem þessi tæknilega útfærsla kallaði einnig á uppfærslu á þeim SIM-kortum sem nú eru notuð þannig að þau hafi virkni tvöfalds auðkennis alþjóðlegs farsímanotanda, veitir tæknileg útfærsla tvöfalds auðkennis alþjóðlegs farsímanotanda ekki kostnaðarhagkvæman og neytendavænan valkost fyrir aðskilda sölu á smásölureikijónustu sem reglur eru settar um.
- 9) Aftur á móti virðist tæknileg útfærsla staks auðkennis alþjóðlegs farsímanotanda meira viðeigandi í ljósi viðmiðananna sem settar eru fram í 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 531/2012. Í fyrsta lagi, hvað varðar viðmiðanirnar í h-, i-, j- og k-lið 3. mgr. 5. gr. er hægt að koma allri tilgreindri tæknilegri útfærslu, þ.m.t. tæknilegri útfærslu staks auðkennis alþjóðlegs farsímanotanda, í framkvæmd þannig að það uppfylli þessar viðmiðanir. Í öðru lagi er stakt auðkenni alþjóðlegs farsímanotanda neytenda- og notendavænt svo framarlega sem reikijónustan er veitt tæknilega á sama hátt og hún hefur verið fram að þessu og því má búast við sömu hnökralausu reynslu notandans. Í þriðja lagi er kostnaður við að koma í framkvæmd stöku auðkenni alþjóðlegs farsímanotanda lægri en kostnaður við að koma í framkvæmd tvöföldu auðkenni alþjóðlegs farsímanotanda og við framkvæmd þess er ekki þörf á meiri háttar stöðlunarvinnu. BEREC-hópurinn telur einnig að engir flöskuhálsar séu til staðar við framkvæmd staks auðkennis alþjóðlegs farsímanotanda.
- 10) Skilvirkni tæknilegrar útfærslu staks auðkennis alþjóðlegs farsímanotanda hvað varðar samkeppnisáhrif mætti bæta ef aðrir veitendur reikijónustu gætu stýrt reikiumferðinni á heimsótt net að þeirra vali. Framkvæmd fyrirkomulags við umferðarstjórnun hvað varðar tæknilega útfærslu staks auðkennis alþjóðlegs farsímanotanda er þó eingöngu réttlætunleg ef kostnaður við framkvæmdina er í hlutfalli við áætlaðan samkeppnisávinning. Hingað til hefur ekkert komið fram sem bendir til að hægt væri að framkvæma

(²) BoR (12) 68 og BoR (12) 109.

nauðsynlegt fyrirkomulag umferðarstjórnunar vegna tæknilegrar útfærslu endurbættis staks alþjóðlegs auðkennis farsímanotanda á sanngjörnu verði fyrir 1. júlí 2014. Á þessu stigi telst því tæknileg útfærsla staks auðkennis alþjóðlegs farsímanotanda í formi endursölu á reiki nægja til að uppfylla allar viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 5. gr. að frátöldum viðmiðunum í b- og e-lið, sem aðeins eru uppfylltar að hluta.

- 11) Hvorki tæknileg útfærsla tvöfalda auðkennis alþjóðlegs farsímanotanda né tæknileg útfærsla staks auðkennis alþjóðlegs farsímanotanda eða endurbætt útgáfa þess uppfyllir allar viðmiðanirnar eins og mælt er fyrir um í 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 531/2012. Einkum gerir engin þeirra kleift að koma þeim skyldum í framkvæmd, sem lagðar eru á veitendur landsbundinnar þjónustu og reikijónustu, um að hindra ekki aðgang viðskiptavina að reikigagnþjónustu, sem reglur eru settar um, sem veitt er beint á heimsóttu neti af öðrum veitanda reikijónustu. Þó þarf a.m.k. ein tæknileg útfærsla tæknilegu lausnarinnar að gera kleift að framfylgja þessari skyldu sem einni af skyldunum sem settar eru fram í 1. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar.
- 12) Núverandi framkvæmd og samskipan heimaneta kemur í veg fyrir slíka staðbundna reikigagnþjónustu. Því er þörf á annarri tæknilegri útfærslu til að bregðast við kröfunni í reglugerð (ESB) nr. 531/2012. Til þess að skilja staðbundna reikigagnþjónustu frá landsbundna pakknum skal hvorki hindra rekstraraðila heimsótt nets í tæknilegri vinnslu á gagnaumferð reikiviðskiptavinarins né veitingu þjónustunnar á smásölustigi.
- 13) Hins vegar er tæknileg útfærsla staks auðkennis alþjóðlegs farsímanotanda með þeim hætti að ómögulegt er að þjóna öllum tegundum neytendaeftirspurnar á samkeppnisgrundvelli, eins og t.d. mikilli notkun á gagnþjónustu. Þar sem þak á heildsöluverð í reikigagnþjónustu er ekki nákvæmlega kostnaðartengt og mun ekki lækka eftir 2014 þrátt fyrir að búast megi við lækkun á heildsöluverð, virðist óraunhæft að aðrir veitendur reikijónustu sem verða að treysta á reikigagnþjónustu í heildsölu gætu boðið reikigagnþjónustu í smásölu fyrir stórnótendur gagna á hagstæðu verði í samanburði við verðlag á landsbundinni gagnþjónustu í farsímunum. Þó kemur tæknileg útfærsla, sem kemur þeirri skyldu í framkvæmd sem lögð er á veitendur landsbundinnar þjónustu og veitendur reikigagnþjónustu um að hindra ekki aðgang viðskiptavina að reikigagnþjónustu sem reglur eru settar um og veitt er beint á heimsóttu neti af öðrum veitanda reikijónustu, öðrum veitendum reikigagnþjónustu í aðstöðu til að veita staðbundna reikigagnþjónustu, þ.e. reikigagnþjónustu án þess að vera háðir reikigagnþjónustu í heildsölu.
- 14) Reikigagnþjónusta í smásölu er nú veitt af veitendum landsbundinnar þjónustu á grundvelli heildsölu-samninga við rekstraraðila heimsótttra neta. Reikigagnaumferð er send og móttækin um þráðlaust aðgangsnet rekstraraðila heimsótttra netsins, og beint milli heimsótttra nets og heimanets. Rekstraraðili heimanetsins veitir tengingu við netþjónustuna og tekur gjald af reikiviðskiptavininum fyrir reikigagnþjónustuna. Núverandi GSM/GPRS-, EDGE- og UMTS-staðlar gera rekstraraðila heimsótttra netsins nú þegar kleift að sjá um tæknilega meðhöndlun reikigagnaumferðar og veita tengingu við netþjónustuna án þess að þörf sé á flutningi milli heimanets og heimsótttra nets. Samkvæmt núgildandi starfsvenjum í atvinnugreininni tekur rekstraraðili heimanetsins þó enn gjald af viðskiptavininum fyrir reikigagnþjónustuna og rekstraraðili heimsótttra netsins sér um vinnslu umferðar sem heildsölupjónustu við rekstraraðila heimanetsins.
- 15) Nokkrar leiðir eru til að innleiða kröfuna um að hindra ekki staðbundna reikigagnþjónustu. Grunnkröfur eru framkvæmd og virkjun á vinnslu reikigagnaumferðar innan heimsótttra netsins og krafa um að koma ekki í veg fyrir handvirkt eða sjálfvirkt val á heimsóttu neti. Hugsanlegar endurbætur eru t.d. breytingar á þáttum umferðarstjórnunar í þeim tilgangi að rjúfa ekki reikigagnalotu og uppsetningu sérstakrar aðstöðu sem auðveldar viðskiptavininum reikijónustu að velja heimsótt net eða stuðningur við sjálfvirkt val heimsótttra neta. Slíkar grunnkröfur skulu leyfa þróun mismunandi viðskiptalíkana fyrir veitingu staðbundinnar reikigagnþjónustu, annað hvort tímabundið eða til frambúðar.
- 16) Hvað varðar tímabundna staðbundna reikigagnþjónustu getur reikiviðskiptavinur valið staðbundinn rekstraraðila farsímanets í því landi til að veita reikigagnþjónustu í smásölu beint ef þjónustan er boðin í heimsótttra landinu og ef samkomulag er um reiki milli rekstraraðila heimsótttra netsins og landsbundna netsins. Tímabundið eðli þjónustunnar þýðir að samskipan netsins eða endabúnaðarins er ekki varanleg og því er upprunalegri reikivirkni komið á aftur þegar staðbundin reikigagnþjónusta er ekki notuð lengur. Þessi

tegund þjónustu veitir viðskiptavinum svipaða reynslu og þráðlaus staðarnet (WiFi) sem nú eru notuð af mörgum fartölvu-, snjallsíma- og spjaldtölvunotendum við dvöl í öðru landi. Reikitalsíma-, reikismáskilaboða- og önnur tengd reikiþjónusta er veitt af rekstraraðila heimanetsins eins og venjulega, nema ef veitandi reikiþjónustunnar á heimsóttá netinu býður sömu þjónustu.

- 17) Við varanlega staðbundna reikigagnaþjónustu gerir reikiviðskiptavinurinn samning við veitanda staðbundinnar reikigagnaþjónustu í stað þess að veitandi reikigagnaþjónustunnar noti heimanet. Í því tilviki myndi annar veitandi reikigagnaþjónustu, t.d. rekstraraðili farsímanets eða endurseljandi, veita viðskiptavininum reikiþjónustu staðbundna reikigagnaþjónustu og nauðsynlega tækniástoð (með sértækum hugbúnaði eða þ.h.) varanlega í einu eða fleiri löndum á grundvelli útbreiðslu eigin neta og/eða útbreiðslu neta sem starfrækt eru af rekstraraðilum farsímaneta sem hann hefur gert endursölusamninga við í hverju landi.
- 18) Þar sem einföldustu viðskiptatilboð uppfylla hugsanlega ekki kröfuna um notendavænleika eins vel og hægt er, vegna þess að með þeim er farið fram á að t.d. viðskiptavinir reikiþjónustu breyti stillingum endabúnaðar eða sendi kóða með smáskilaboðum til þess að virkja þjónustuna og að velja heimsótt net, má búast við að veitendur staðbundinnar reikigagnaþjónustu, endabúnaðar og hugbúnaðar eða aðrir viðkomandi aðilar muni þróa markaðstengdar lausnir með notendavænna viðmóti, allt eftir því hvað þjónustan er vinsæl. Æskilegt er að staðbundin reikigagnaþjónusta sé neytendavæn vegna sveigjanleika við að velja og aftengjast samstundis veitendum staðbundinnar reikigagnaþjónustu. Staðbundin reikigagnaþjónusta gerir öðrum veitendum reikiþjónustu kleift að nýta eigin eignir í grunnvirkjum og viðskiptasamninga fyrir gagnareiki, t.d. með endursölufyrirkomulagi eða varanlegri staðbundinni reikigagnaþjónustu í mörgum löndum. Samkvæmt BEREC-hópnum er hægt að koma staðbundinni reikigagnaþjónustu í framkvæmd frekar hratt og hún er kostnaðarhagkvæm þar sem aðrir veitendur stofna til meirihluta kostnaðarins í hlutfalli við raunverulega dreifingu staðbundinnar reikigagnaþjónustu. Mjög mikið rekstrarsamhæfi er þar sem staðlar um framkvæmd vinnslu umferðar á heimsóttá netinu eru þegar til. Því uppfyllir tæknileg útfærsla sem gefur kost á aðgangi að staðbundinni reikigagnaþjónustu allar viðmiðanirnar sem kveðið er á um í 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 531/2012, nema viðmiðanirnar í b- og e-lið sem aðeins eru uppfylltar að hluta.
- 19) Tæknilega útfærslan sem gefur kost á aðgangi að staðbundinni reikigagnaþjónustu tryggir aðeins aðgang að reikigagnaþjónustu. Hún uppfyllir því ekki viðmiðunina í e-lið 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 531/2012. Ennfremur uppfyllir þessi tæknilega útfærsla ekki viðmiðunina í b-lið, þar sem ætla má að aðeins gagnanotendur hafi áhuga á aðgangi að staðbundinni reikigagnaþjónustu.
- 20) Tæknilausnin sem sameinar tvö konar tæknilegar útfærslur, þ.e. tæknilega útfærslu staks auðkennis alþjóðlegs farsímanotanda, sem framkvæmd er sem endursala á reikiþjónustu, og tæknilegu útfærsluna sem veitir aðgang að staðbundinni reikigagnaþjónustu á heimsóttu neti, uppfyllir allar viðmiðanir 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 531/2012. Þar sem hvorki tæknileg útfærsla staks auðkennis alþjóðlegs farsímanotanda, né tæknileg útfærsla sem veitir aðgang að staðbundinni reikigagnaþjónustu, uppfyllir viðmiðanirnar í b- og e-lið ein, bæta þær hvor aðra upp og uppfylla viðmiðanirnar í b- og e-lið eingöngu í sameiningu.
- 21) Í samræmi við 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 531/2012 skal framkvæma skipti á veitanda reikiþjónustu án ástæðulausrar tafar, og alltaf á stysta mögulega tíma með hliðsjón af tæknilausninni sem valin er til að framkvæma aðskilda sölu á smásölu reikiþjónustu sem reglur eru settar um. Þegar um er að ræða tæknilega útfærslu staks auðkennis alþjóðlegs farsímanotanda, eins og þegar skipt er um veitanda landsbundinnar þjónustu, er ekki þörf á frekari samskiptum við notandann eftir að samningur hefur verið gerður við annan veitanda reikiþjónustu. Þessi tæknilega útfærsla felur í sér að skiptin komi til framkvæmda innan svipaðs tíma og skipti á landsbundinni þjónustu sem er einn virkur dagur. Því skal, ef um er að ræða tæknilega útfærslu staks auðkennis alþjóðlegs farsímanotanda, skiptitími til og frá öðrum veitanda reikiþjónustu sem er lengri en tíminn sem tekur að skipta um landsbundna þjónustu, teljast ástæðulaus tölur þar sem engar undirliggjandi tæknilegar ástæður eru fyrir því að slík tenging taki lengri tíma en sambærileg skipti milli landsbundinnar þjónustu. Ef um er að ræða tæknilega útfærslu þar sem veittur er aðgangur að staðbundinni reikigagnaþjónustu, er reiknað með að reikiviðskiptavinir velji annan veitanda reikiþjónustu fyrir staðbundna

reikigagnþjónustu rétt áður en þeir hyggjast nota staðbundnu reikigagnþjónustuna. Tæknilega útfærslan gerir kleift að framkvæma skipti milli veitenda staðbundinnar reikigagnþjónustu um leið og samningur hefur verið gerður við viðtökureikiveitanda.

- 22) Samvinna og samræming meðal markaðsaðila, BEREC-hópsins og framkvæmdastjórnarinnar er forsenda fyrir samræmdri tæknilegri framkvæmd aðskilinnar reikiþjónustu. Einkum skal þróa samræmda aðferð til þess að auðkenna viðeigandi tæknilega skilfleti og að tryggja örugga framkvæmd þeirra, til að gera samræmda framkvæmd mögulega samtímis í öllu Sambandinu á aðskilinni sölu smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um. Faglegur vettvangur sem opinn er öllum markaðsaðilum er gagnlegur samstarfs-vettvangur fyrir slíka samræmingu.
- 23) Til þess að auðvelda tímanlega framkvæmd aðskilinnar sölu reikiþjónustu í smásölu, sem reglur eru settar um, skulu fyrirtæki ekki synja um að prófa tæknilega skilfleti fyrir viðskiptalega innleiðingu á reikiþjónustu í smásölu sem veitt er af öðrum veitendum reikiþjónustu fyrir 1. júlí 2014.
- 24) Í samræmi við 38. forsendu reglugerðar (ESB) nr. 531/2012, skal BEREC-hópurinn þróa, í samstarfi við viðkomandi hagsmunaaðila, leiðbeiningar um tæknilega þætti sem nauðsynlegir eru til að gera aðskilda sölu á reikiþjónustu mögulega.
- 25) Í 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 531/2012 eru almenn ákvæði um það hvernig og hvenær upplýsa skuli viðskiptavinum um möguleikann á að velja annan veitanda reikiþjónustu. Tilgreina þarf nánar innihald upplýsinganna og færar leiðir til að veita neytanda upplýsingar til þess að auðvelda neytandanum að taka upplýsta ákvörðun. Ef auka á vitund neytenda um reikimarkaðinn þarf að leita allra tiltækra leiða sem stuðla að því að þeir njóti góðs af opnum mörkuðum.
- 26) Til að tryggja að allir viðskiptavinir geti notið góðs af öðrum tilboðum skulu landsbundnir veitendur tryggja að samningar sem gerðir eru eða endurnýjaðir eftir 1. júlí 2014 geri viðskiptavinum kleift að skipta um veitanda reikiþjónustu hvenær sem er og án endurgjalds til gjafareikiveitandans.
- 27) Veitendur reikiþjónustu, þ.m.t. aðrir veitendur reikiþjónustu sem bjóða staðbundna reikigagnþjónustu, skulu gera gagnsæis- og verndarráðstafanir vegna gagnþjónustu sinnar, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 531/2012. Í því skyni að tryggja gagnsæi, skulu veitendur reikiþjónustu einnig veita reikiviðskiptavinum sínum upplýsingar um þjónustu sem er e.t.v. ekki fánleg þegar notuð er staðbundin reikigagnþjónusta, svo sem sérþjónusta sem studd er með landsbundna netinu.
- 28) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fjarskiptanefndarinnar,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ítarlegar reglur um aðskilda sölu reikiþjónustu í smásölu alls staðar innan Sambandsins.

Í henni er mælt fyrir um ítarlegar reglur um tæknilausn til að framkvæma aðskilda sölu reikiþjónustu í smásölu sem reglur eru settar um. Í henni er einnig mælt fyrir um ítarlegar reglur um upplýsingaskyldu veitenda landsbundinnar þjónustu við reikiviðskiptavinum sína varðandi möguleikann á að velja reikiþjónustu sem veitt er af öðrum veitanda reikiþjónustu.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „endursala á reikþjónustu í smásölu“: veiting reikþjónustu sem reglur eru settar um, sem veitt er í pakka, og tengdrar þjónustu, s.s. talhólfþjónustu, sem er vanalega aðgengileg reikiviðskiptavinum, án þess að reikiviðskiptavinir þurfi að skipta um SIM-kort eða farsamskiptatæki, í samræmi við heildsölusamning sem gerður var milli annars veitanda reikþjónustu og veitanda landsbundinnar þjónustu,
- b) „staðbundin reikigagnaþjónusta“: reikigagnaþjónusta sem reglur eru settar um, sem veitt er reikiviðskiptavinum beint, tímabundið eða varanlega, á heimsóttu neti, af öðrum veitanda reikþjónustu án þess að reikiviðskiptavinir þurfi að skipta um SIM-kort eða farsamskiptatæki,
- c) „heiti ESB-netaðgangsstaðar“: sameiginlegt kennimerki sem sett er, handvirkt eða sjálfvirkt, í farsamskiptatæki reikiviðskiptavina og sem heimanet og heimsótt net þekkir til að sýna val reikiviðskiptavinar þegar hann notar staðbundna reikigagnaþjónustu,
- d) „umferðarstjórnun“: stýrivirkni sem rekstraraðili heimanetsins notar og miðar að því að velja heimsótt net fyrir reikiviðskiptavini sína eftir forgangsskrá heimsótttra neta sem helst eru notuð,
- e) „netútilokun“: stýrivirkni sem rekstraraðili heimanetsins notar og miðar að því að forðast val tiltekinna heimsótttra neta fyrir reikiviðskiptavini sína,
- f) „varanlegur miðill“: sérhvert tæki sem gerir viðskiptavini kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans persónulega, á þann hátt að hægt sé að nálgast þær síðar, í hæfilegan tíma eftir því í hvaða tilgangi nota má upplýsingarnar, og sem gerir kleift að afrita óbreyttar þær upplýsingar sem geymdar eru,
- g) „viðtökureikiveitandi“: reikiveitandi sem mun veita reikþjónustu, í stað reikþjónustu sem gjafareikiveitandi veitir nú, eftir að skipt hefur verið um reikiveitanda,
- h) „gjafareikiveitandi“: reikiveitandinn, sem veitir viðskiptavini reikþjónustu sem stendur.

3. gr.

Tæknileg útfærsla við framkvæmd aðskilinnar sölu á reikþjónustu í smásölu sem reglur eru settar um og veitt er í pakka

1. Í þeim tilgangi að veita reikiviðskiptavinum aðgang að reikitalsíma-, reikismáskilaboða- og reikigagnaþjónustu, sem reglur eru settar um og veitt er í pakka af öðrum veitanda reikþjónustu, skulu landsbundnir þjónustuveitendur sem starfrækja almennt jarðfjarskiptanet útvega nauðsynleg netstök og viðeigandi þjónustu þar sem gert er ráð fyrir endursölu á reikþjónustu í smásölu af hálfu annars reikiveitanda til viðskiptavina landsbundna þjónustuveitandans, samhliða landsbundinni farsímaþjónustu án þess að reikiviðskiptavinir þurfi að skipta um SIM-kort eða farsamskiptatæki.
2. Netstök og viðeigandi þjónusta sem kveðið er á um í 1. mgr. skulu m.a. ná til:
 - a) aðstöðu sem nauðsynleg er fyrir ferlið við að skipta um veitanda reikþjónustu í samræmi við 5. mgr.,
 - b) aðstöðu sem tengist upplýsingum um viðskiptavini, s.s. staðsetningargagna viðskiptavina og gagnaskráa viðskiptavina vegna útgáfu reikninga, sem eru nauðsynleg til að veita reikþjónustu í smásölu,
 - c) aðstöðu sem þarf til stuðnings þess að innleiða hámarksfjárhæðir fyrir tiltekin notkunartímabil reikigagnaþjónustu, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 531/2012.
3. Veitendur landsbundinnar þjónustu sem starfrækja almennt jarðfjarskiptanet skulu sinna öllum réttmætum beiðnum um aðgang að netstöfum og þjónustu í samræmi við 1. og 2. mgr.

4. Veitendur landsbundinnar þjónustu skulu tryggja að viðskiptavinir reikiþjónustu annarra veitanda reikiþjónustu geti áfram notað þá talhólfsþjónustu sem þeir hafa fyrir.
5. Gjafareikiveitandi skal hafa samvinnu við viðtökureikiveitanda til að tryggja að reikiviðskiptavinir sem hafa gert samning við viðtökureikiveitanda geti notað þjónustu þess veitanda innan eins virks dags.

4. gr.

Tæknileg útfærsla við framkvæmd á aðgangi að staðbundinni reikigagnaþjónustu á heimsóttu neti

1. Til þess að hindra ekki aðgang reikiviðskiptavina að reikigagnaþjónustu sem reglur eru settar um sem veitt er beint á heimsóttu neti af öðrum reikiveitanda, skulu veitendur landsbundinnar þjónustu sem starfrækja almennt jarðfjarskiptanet verða við réttmætum beiðnum um aðgang að nauðsynlegum netstökum og viðeigandi þjónustu sem gera ráð fyrir vinnslu reikigagnaumferðar á heimsóttu neti og smásöluafhendingu annarra veitanda reikiþjónustu á staðbundinni reikigagnaþjónustu.
2. Netstök og viðeigandi þjónusta sem kveðið er á um í 1. mgr. skulu m.a. ná til:
 - a) aðstöðu sem er nauðsynleg til þess að reikiviðskiptavinur geti skipt á milli veitanda reikiþjónustu sem notar heimanet og annars veitanda reikiþjónustu sem býður staðbundna reikigagnaþjónustu í þeim tilgangi að nota reikigagnaþjónustu í samræmi við 4. mgr.,
 - b) aðstöðu þar sem gert er ráð fyrir stofnun kenniskráa fyrir notandaaðgang að því er varðar heiti ESB-netaðgangsstaðar á heimanetinu og fyrirkomulags á heimanetinu sem gerir vinnslu reikigagnaumferðar á heimsóttu netinu mögulega, beiningu reikigagnaumferðar til valins annars veitanda reikiþjónustu og veitingu rekstraraðila heimsóttu netsins á reikigagnaþjónustu í smásölu fyrir aðgangskenniskrár þessara notenda,
 - c) aðstöðu sem tryggir að umferðarstjórnun, netútilokun, eða annað fyrirkomulag sem gildir á heimanetinu komi ekki í veg fyrir að notendur velji heimsóttu netið fyrir staðbundna reikigagnaþjónustu að eigin vali,
 - d) aðstöðu sem tryggir að notandi sé ekki aftengdur frá heimsóttu netinu fyrir staðbundna reikigagnaþjónustu sem hann velur vegna umferðarstjórnunar eða annars fyrirkomulags sem gildir á heimanetinu.
3. Ef annar veitandi reikiþjónustu hyggst bjóða staðbundna reikigagnaþjónustu, skulu veitendur landsbundinnar þjónustu sem starfrækja almennt jarðfjarskiptanet verða, í þeim tilgangi, við réttmætum beiðnum um heildsöluaðgang að reiki frá öðrum veitanda reikiþjónustu og heimila veitingu staðbundinnar reikigagnaþjónustu frá hendi hins veitanda reikiþjónustunnar og veitingu annarrar reikiþjónustu (tal- og smáskilaboð) frá hendi reikiveitandans með notkun heimanets til viðkomandi reikiviðskiptavina við notkun staðbundinnar reikigagnaþjónustu.
4. Gjafareikiveitandi skal starfa með viðtökureikiveitanda til þess að tryggja að reikiviðskiptavinir sem hafa gert samning við viðtökureikiveitanda um veitingu staðbundinnar reikigagnaþjónustu, geti nýtt sér þjónustuna sem veitandinn veitir jafnskjótt og viðtökureikiveitandi sendir beiðni til gjafareikiveitanda.

Við framkvæmd tæknilegu útfærslunnar verða gjafareikiveitandi og annar reikiveitandi að tryggja að hver reikiviðskiptavinur sem notar staðbundna reikigagnaþjónustu geti hætt að nota staðbundna reikigagnaþjónustu og farið aftur hvenær sem er í upprunalegu reikiþjónustuna sem gjafareikiveitandinn veitir. Annar reikiveitandi sem veitir staðbundna reikigagnaþjónustu skal ekki koma í veg fyrir sjálfkrafa endurheimt þessarar upprunalegu reikiþjónustu frá þeirri stundu sem gjafareikiveitandi óskar eftir því við annan reikiveitanda.

5. gr.

Tæknileg lausn við framkvæmd aðskilinnar sölu reikiþjónustu í smásölu sem reglur eru settar um

Veitendur landsbundinnar þjónustu sem starfrækja almennt jarðfjarskiptanet skulu bæði koma í framkvæmd tæknilegri útfærslu aðskilinnar sölu á reikiþjónustu í smásölu sem reglur eru settar um og veitt er í pakka og tæknilegri útfærslu aðgangs að staðbundinni reikigagnþjónustu á heimsóttu neti.

Reikiveitendur skulu starfa saman til að tryggja rekstrarsamhæfi skilflata vegna tæknilegrar lausnar til að framkvæma aðskilda sölu reikiþjónustu í smásölu sem reglur eru settar um, á grundvelli sameiginlegra samþykktra staðla. Nota má viðmiðunargögn og gagnasafnsverklagsreglur sem rekstraraðilar neta setja upp vegna reiki, svo framarlega sem þau eru aðgengileg öllum og í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 531/2012 og þessa reglugerð.

6. gr.

Upplýsingar til viðskiptavina um aðskilda sölu á reikiþjónustu í smásölu sem reglur eru settar um

1. Frá 1. júlí 2014 skulu veitendur landsbundinnar þjónustu upplýsa reikiviðskiptavinum sína, og veita nýjum viðskiptavinum upplýsingar áður en samningur er gerður, um möguleikann á því að velja aðskilda reikiþjónustu annarra veitenda reikiþjónustu. Þeir skulu einkum láta í té eftirfarandi upplýsingar:

- a) upplýsingar um þær ráðstafanir sem viðskiptavinir reikiþjónustu þurfa að gera til að flytja sig yfir til eða á milli annarra veitenda reikiþjónustu.
- b) um þann möguleika á að flytja sig yfir til eða á milli annarra veitenda reikiþjónustu hvenær sem er og endurgjaldslaust,
- c) um þær breytingar sem verða gerðar á núverandi samningsskilyrðum sem verða að tryggja að gjafareikiveitandinn muni ekki krefja viðskiptavininn um neitt gjald í tengslum við skiptin,
- d) innan hvaða tíma breytingin til eða milli annarra veitenda reikiþjónustu kemur til framkvæmda,
- e) áminningu um, að ef viðskiptavinurinn skiptir um landsbundinn þjónustuveitanda sé nýr landsbundinn þjónustuveitandi ekki skyldugur til að styðja reikiþjónustu, sem tiltekinn annar veitandi reikiþjónustu veitir,
- f) Þegar nýr samningur er gerður eða við endurnýjun samnings skulu viðskiptavinir staðfesta með skýrum hætti að þeir hafi verið upplýstir um þann möguleika að velja annan veitanda reikiþjónustu.

2. Upplýsingar sem um getur í 1. mgr. skulu veittar á varanlegum miðli á skýran, skiljanlegan og aðgengilegan hátt. Ef um er að ræða viðskiptavinum sem greiða fyrirfram og landsbundnir þjónustuveitendur vita ekki heimilisfang hjá, skulu landsbundnir þjónustuveitendur tilkynna þeim um þetta með smáskilaboðum eða öðrum viðeigandi hætti.

Reikiviðskiptavinir skulu hafa heimild til að óska eftir og fá, án endurgjalds, ítarlegri upplýsingar um möguleikann á að skipta á milli veitenda reikiþjónustu hvenær sem er.

7. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal einnig meta, við endurskoðun í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 531/2012, í samráði við BEREK-hópinn, skilvirkni þeirrar tæknilausnar sem valin er til að koma í framkvæmd aðskilinni sölu á reikiþjónustu sem reglur eru settar um og hvort uppfæra þurfi hana í ljósi tæknilegrar þróunar eða markaðsþróunar. Með endurskoðuninni skal einkum metið hvort tæknilega lausnin uppfylli enn viðmiðanirnar sem settar eru í 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 531/2012 á sem skilvirkastan hátt.

8. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 1. júlí 2014 til 30. júní 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. desember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

B-deild – Útgáfud.: 30. apríl 2015